

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. maí 2021
UST202104-204/F.T.
04.03

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

Vísað er til erindis dags. 15. apríl 2021 þar sem umhverfis- og samgöngunefnd sendi Umhverfisstofnun frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi), 708. mál, til umsagnar. Með frumvarpinu er stefnt að innleiðingu Evróputilskipana sem er ætlað að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis.

Umhverfisstofnun hefur veigamiklu hlutverki að gegna skv. þeim lögum sem breytingar eru gerðar á, m.a. veitir stofnunin starfsleyfi og fer með eftirlit með mengandi starfsemi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Stofnunin annast einnig eftirlit með framkvæmd laga nr. 7/1998 og 55/2003 að öðru leyti. Umhverfisstofnun gegnir einnig umsagnar- og eftirlitshlutverki skv. lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Almennt um frumvarpið

Umhverfisstofnun telur vel að innleidd séu í íslenska löggjöf skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis í því skyni að stuðla að bættri endurnýtingu og endurvinnslu úrgangs og að draga verulega úr myndun úrgangs. Mikilvægt er að slíta tengslin á milli hagvaxtar og myndunar úrgangs. Stofnunin telur sérstaklega mikilvægt að lögð sé til grundvallar forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs en þar kemur fram að áhersla skuli lögð á úrgangsfornir.

Um 12. gr.:

Í greininni er ýmislegt lagt til, m.a. sú réttarbót að sveitarfélögum sé skylt að safna sérstaklega pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum sem og að þeim sé skylt

að safna pappír og pappa, plasti og lífúrgangi við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Stofnunin telur framangreint vera jákvætt og til þess fallið að auka endurvinnsluhlutfall Íslands á úrgangi.

Stofnunin telur þó rétt að gera athugasemdir við framsetningu greinarinnar hvað varðar heimajarðgerð. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/851 skulu aðildarríki hvetja til heimajarðgerðar. Í 12. gr. frumvarpsins segir:

Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr.

Stofnunin telur heimajarðgerð æskilega en söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi síður æskilega. Orðalag greinarinnar ber ekki með sér að heimajarðgerð sé háttsemi sem hvatt er til. Stofnunin telur rétt að tekið verði til skoðunar að breyta orðalagi greinarinnar svo hún endurspegli hvatningu til íbúa til heimajarðgerðar og til sveitarfélaga og stjórnvalda til að styðja við og einfalda íbúum heimajarðgerð. Einnig að tekið sé til skoðunar að setninginni verði breytt á þann hátt að hún gefi ekki til kynna að heimajarðgerð sé síður æskileg en miðlæg sérsöfnun á lífúrgangi.

Með vísan til framangreinds tekur Umhverfisstofnun undir þær breytingar sem koma fram í frumvarpinu.

Fulltrúar stofnunarinnar eru reiðbúnir að koma á fund umhverfis- og samgöngunefndar og fara nánar yfir efni umsagna sem stofnunin hefur veitt um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur